



Vopnafjarðarskóli

Kennsluáætlanir haust 2016

2. bekkur

Kennarar

Elín Dögg Methúsalemsdótti: íslenska, stærðfræði,
samfélagsfræði/náttúrufræði, myndmennt og lífsleikni

Baldur Hallgrímsson: hönnun/smíði

Heiðbjört Antonsdóttir: textílmennt

Berglind Wium Árnadóttir: heimilisfræði og stærðfræði

Bjartur Aðalbjörnsson: íþróttir

Efnisyfirlit

Íslenska, samfélagsfræði/náttúrufræði, lífsleikni, myndmennt	3
Stærðfræði	9
Hönnun og smíði	11
Textílmennt	12
Heimilisfræði	13
Íþróttir	14

Íslenska, samfélagsfræði/náttúrufræði, lífsleikni, myndmennt

Hæfniviðmið/námslýsing

Skólinn hefur tileinkað sér kennsluaðferð í lestrar- og íslenskukennslu sem nefnist Byrjendalæsi. Byrjendalæsi skiptist í stuttu máli í þrjú þrep. Á fyrsta þrepi er gæðatexti lesinn og ræddur, auk þess sem nýr orðaforði er lagður inn. Á öðru þrepi er unnið með lykilorð og bókstafi á ýmsa vegu, svo sem með stafagerð, samvinnuspjöldum, stafa- og orðasúpum, minnispilum, orðabingó og sóknarskrift. Á þriðja þrepi er unnið að enduruppbyggingu texta, til dæmis með teikningu, frásögnum, ritun og leikrænni tjáningu. 3. og 4. bekkur mun vinna í blönduðum námshópum í vetur. Unnið verður ýmist í getublönduðum, getuskiptum hópum þvert á bekki eða eftir árgöngum.

Náttúrugreinar og samfélagsgreinar verða unnar í tengslum við Byrjendalæsi. Upplýsingum er aflað sem víðast og með fjölbreyttum hætti.

Í lífsleikni meðal annars unnið með bætt samskipti, vináttu, tilfinningar og málefni líðandi stundar, m.a með bekkjafundum. Lífsleiknin verður samþætt Byrjendalæsi og öðrum námsgreinum eftir því sem við á. Kennslan verður byggð upp á umræðum, hlustun og frásögnum, leikrænni tjáningu og myndsköpun.

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni/leiðir	Námsmat/verkefnaskil
Ágúst - september	Asnaskólinn -Stuðst er við byrjendalæsis-ramma sem gerður hefur verið við bókina. -Áhersla lögð á heiti og hljóð stafanna „Ó“ og „L“ og að nemendur dragi rétt til stafs. -Skólinn kynntur og farið yfir ýmsa þætti honum tengdum. -Nemendur búa til sínar eigin bekkjareglur. -Teiknaðar myndir af skólanum, sjálfsmyndir, myndir af bestu vinum í skólanum. Nammigrísinn Stuðst er við byrjendalæsis-ramma sem gerður hefur verið við bókina. -Áhersla lögð á heiti og hljóð stafanna „Í“ og „Ss“	Bækur sem unnið verður með í BL. -Asnaskólinn -Nammigrísinn -Snuðra og Tuðra fara til tannlæknis -Komdu og skoðaðu umhverfið. Lestur, umræður, lesskilningur, orðaforði, lykilorð og orðalistar. Stafaspjöld, stafasúpa, orðalistar, frauðstafir, spil, verkefni frá kennara og fleira. 1.bekkur - <i>Lestrarlandið</i> og vinnubækur 1 og 2 . -Lestarbækur við hæfi hvers og eins. 2.bekkur	Símat – kennari skráir jafnóðum. Nemendur velja verkefni í verkefnamöppu. Sjálfsmat nemenda á einstökum verkefnum. Kynning á veðri næstu daga.

	og að nemendur dragi rétt til stafs. -2.bekkur vinnur sérstaklega með sérhljóða, stafrófið og fleirtölu. -Endursögn sögu og sögusvið. -Unnið með hollan og óhollan mat. -Útbúin veggmynd með sýnishornum af hollum og óhollum mat sem nemendur hafa teiknað/málað. Snuðra og Tuðra fara til tannlæknis Stuðst er við byrjendalæsis-ramma sem gerður hefur verið við bókina. -Áhersla lögð á heiti og hljóð stafanna „Tt“ og „Aa“ og að nemendur dragi rétt til stafs. -2.bekkur vinnur sérstaklega með rím. -Unnið með tannvernd. - Málaðar myndir af tannpínupúkum. Komdu og skoðaðu umhverfið Stuðst er við byrjendalæsis-ramma sem gerður hefur verið við bókina og nær hann yfir 3 vikur. -Áhersla lögð á heiti og hljóð stafanna „Áá“ og „Kk“ , „Vv“ og „Ee“ og „Nn“ og að nemendur dragi rétt til stafs. -2.bekkur vinnur sérstaklega með nafnorð. -Veðurorðum safnað.	-Lestrarbækur við hæfi hvers og eins. -Ritrún 1. Heimalestur á hverjum degi hjá þeim sem byrjaðir eru að lesa.	
--	--	---	--

	-Unnið með nánasta umhverfi okkar, skólastofuna, heimilin, skólalóðina og næsta nágrenni. -Unnið með form í umhverfinu, haustið og haustliti og veðráttu. -Unnið með grunnliti og grunnform ásamt vinnu með haustliti. Unnið með „100 algengustu orðin“. Yndislestur Bekkjafundir Hópeflisleikir		
Október	Komdu og skoðaðu umhverfið -áframhaldandi vinna frá síðasta mánuði. Hvalurinn er fastur Stuðst er við byrjendalæsis-ramma sem gerður hefur verið við bókina. -Áhersla lögð á heiti og hljóð stafanna „Oo“ og „Rr“ og að nemendur dragi rétt til stafs. -2.bekkur vinnur sérstaklega með fugla og áfram með nafnorð. -Fræðst um dýr á norðurslóðum. -Unnið með samvinnu og mikilvægi þess að styðja hvert annað. -Nemendum skipt í hópa sem semja leikrit út frá bókinni og sýna bekkjarsystkinum.	Bækur sem unnið verður með í BL. -Komdu og skoðaðu umhverfið. -Hvalurinn er fastur. Lestur, umræður, lesskilningur, orðaforði, lykilorð og orðalistar. Stafaspjöld, stafasúpa, orðalistar, frauðstafir, spil, verkefni frá kennara og fleira. 1.bekkur - <i>Lestrarlandið</i> og vinnubækur 1 og 2 . -Lestarbækur við hæfi hvers og eins. 2.bekkur -Lestarbækur við hæfi hvers og eins. -<i>Ritrún 1.</i>	Símat – kennari skráir jafnóðum. Nemendur velja verkefni í verkefnamöppu. Sjálfsmat nemenda á einstökum verkefnum. Kynning á veðri næstu daga. 1.bekkur: -stafakönnun. -Læsi 1:1, lesskimun. -Leið til læsis, lesskimun. 2.bekkur: -hraðlestrarpróf. -Læsi 2:1.

	Unnið með „100 algengustu orðin“. Yndislestur Bekkjafundir Hópeflisleikir	Heimalestur á hverjum degi hjá þeim sem byrjaðir eru að lesa.	
Nóvember	Ég vil fisk Stuðst er við byrjendalæsis-ramma sem gerður hefur verið við bókina. -Áhersla lögð á heiti og hljóð stafanna „Ff“ og „li“ og að nemendur dragi rétt til stafs. -Nemendur í 2.bekk vinna sérstaklega með fiska og kyn nafnorða. -Nemendur læra heiti nokkurra algengustu fiskategundanna við Ísland. -Nemendur föndra sinn eigin fisk í 3D sem hengdur verður í ljósin í stofunni. Kári litli og klósettskrímslið. Stuðst er við byrjendalæsis-ramma sem gerður hefur verið við bókina. -Áhersla lögð á heiti og hljóð stafanna „Uu“ og „Mm“ og að nemendur dragi rétt til stafs. -2.bekkur vinnur sérstaklega kyn nafnorða. -Unnið með hræðslu og hvernig við tökumst á við hana. -Semja nýjan enda á söguna (hvað ef skrímslið hefði ekki verið gott?). -Mála sitt eigið klósettskrímsli	Bækur sem unnið verður með í BL. -Ég vil fisk. -Kári litli og klósett-skrímslið. Lestur, umræður, lesskilningur, orðaforði, lykilorð og orðalistar. Stafaspjöld, stafasúpa, orðalistar, frauðstafir, spil, verkefni frá kennara og fleira. 1.bekkur - <i>Lestrarlandið</i> og vinnubækur 1 og 2 . -Lestarbækur við hæfi hvers og eins. 2.bekkur -Lestarbækur við hæfi hvers og eins. -<i>Ritrún 1.</i> Heimalestur á hverjum degi hjá þeim sem byrjaðir eru að lesa.	Símat – kennari skráir jafnóðum. Nemendur velja verkefni í verkefnamöppu. Sjálfsmat nemenda á einstökum verkefnum.

	Dagur íslenskrar tungu. Unnið með orðtök og málshætti. Unnið með „100 algengustu orðin“. Bekkjarfundir Hópeflisleikir Yndislestur		
Desember	Jólasveinn og týnda bréfið - Stuðst er við byrjendalæsis-ramma sem gerður hefur verið við bókina. -Áhersla lögð á heiti og hljóð stafsins „Jj“ og að nemendur dragi rétt til stafs. -unnið með söguveg -nemendur semja sögu um ævintýri jólasveinsins Jól í Ólátagarði Stuðst er við byrjendalæsis-ramma sem gerður hefur verið við bókina. -Áhersla lögð á heiti og hljóð stafanna „Þþ“ og „Oo“ og að nemendur dragi rétt til stafs. -Vinna með samsett orð. -Gagnvirkur lestur – forspá. -Að setja sig í spor annarra. Jólafondur. Unnið með „100 algengustu orðin“. Bekkjarfundir Hópeflisleikir	Bækur sem unnið verður með í BL. -Jólasveinn og týnda bréfið. -Jól í Ólátagarði. Lestur, umræður, lesskilningur, orðaforði, lykilorð og orðalistar. Stafaspjöld, stafasúpa, orðalistar, frauðstafir, spil, verkefni frá kennara og fleira. 1.bekkur - <i>Lestrarlandið</i> og vinnubækur 1 og 2 . -Lestarbækur við hæfi hvers og eins. 2.bekkur -Lestarbækur við hæfi hvers og eins. -<i>Ritrún 1.</i> Heimalestur á hverjum degi hjá þeim sem byrjaðir eru að lesa.	Símat – kennari skráir jafnóðum. Nemendur velja verkefni í verkefnamöppu. Sjálfsmat nemenda á einstökum verkefnum.

	Yndislestur		
Janúar	Nei sagði litla skrímslið Stuðst er við byrjendalæsis-ramma sem gerður hefur verið við bókina. -Áhersla lögð á heiti og hljóð stafsins „Úú“ og að nemendur dragi rétt til stafs. -Nemendur 2.bekkjar vinna sérstaklega með fleirtölu nafnorða. -Unnið með tillitssemi og vináttu. -Upphrópunarmerki. Unnið með „100 algengustu orðin“. Bekkjarfundir Hópeflisleikir Yndislestur	Bækur sem unnið verður með í BL. -Nei sagði litla skrímslið Lestur, umræður, lesskilningur, orðaforði, lykilorð og orðalistar. Stafaspjöld, stafasúpa, orðalistar, frauðstafir, spil, verkefni frá kennara og fleira. 1.bekkur - <i>Lestrarlandið</i> og vinnubækur 1 og 2 . -Lestarbækur við hæfi hvers og eins. 2.bekkur -Lestarbækur við hæfi hvers og eins. -<i>Ritrún 1.</i> Heimalestur á hverjum degi hjá þeim sem byrjaðir eru að lesa.	Símat – kennari skráir jafnóðum. Jafningjamat Nemendur velja verkefni í verkefnamöppu. Sjálfsmat nemenda á einstökum verkefnum. Annarskil og námsmat: -hraðlestrarpróf. -vinnuhefti sem unnið er í á nokkrum dögum.

Námsmat

Námsmatið er byggt á

- virkni í tímum.
- verkefnamöppu.
- könnunum við annarskil.
- samvinnu/samskipti.

Stærðfræði

Hæfniviðmið/námslýsing

Leitast verður við að hafa verkefni fjölbreytt svo hver og einn fái að njóta sín og vinna nemendur ýmst einir, í þörum eða í hópum.

Unnið er með margvísleg spil og hlutbundin göng sem þjálfar stærðfræðileg efni og að tengja verkefni við umhverfið og daglegt líf nemenda.

Stærðfræðin verður tengd inn í Byrjendalæsisverkefnin eftir því sem unnt er. Auk þess verður notuð PALS stærðfræðiaðferðin í tveimur kennslustundum á viku þegar líður á veturinn. Helstu markmið PALS er að þjálfar samtímis hóp af nemendum í stærðfræði með jafningamiðlaðri nálgun. Rannsóknir á PALS aðferðinni hafa staðfest að flestir nemendur, hvortsem þeir eru afburðarnemendur, í meðallagi eða slakir, sýna meiri framfarir en þeir sem ekki fá PALS þjálfun. Það sama gildir um nemendur sem glíma við námsörðugleika.

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat/verkefnaskil
Ágúst	Samlagning og frádráttur: -að búa til tugi. -hve mikið samtals, alls.	<i>Sproti 2a nemendubók</i> Bls. 104-111 <i>Sproti 2a - æfingahefti</i> Bls. 49-58	Virkni í tímum.
September	Tími: -árstíð, mánuðir, dagar, dagsetningar, klukkan, tímasetningar, rétt tímaröð. Samhverfa: -samhverfa um spegilás -spiegelmyndir	<i>Sproti 2a – nemendabók</i> Bls. 117-125 <i>Sproti 2a - æfingahefti</i> Bls. 59-64 <i>Sproti 2b – nemendabók</i> Bls. 3-9 <i>Sproti 2b - æfingahefti</i> Bls.2-5	Lotukönnun 7 og 8 Virkni í tímum.
Október	Tvöfalt meira og helmingi minna, sléttar tölur og oddatölur: -tvöfalt fleiri, tvöfalt lengri, helmingur, helmingi minna, sléttar tölur (0, 2,4, 6, 8), oddatölur (1, 3, 5, 7, 9), allar tölur sem enda á 0 eru sléttar tölur.	<i>Sproti 2b – nemendabók</i> Bls. 15-31 <i>Sproti 2b - æfingahefti</i> Bls.6-15	Lotukönnun 9 Virkni í tímum.

	Pals stærðfræði.	Pals námsefni.	
Nóvember	Reikningur með tölum upp í 100: -talnalína, samtals, alls, um það bil, talnarunur, mynstur, tugir og einingar. Pals stærðfræði	<i>Sproti 2b – nemendabók</i> Bls. 37-59 <i>Sproti 2b - æfingahefti</i> Bls.16-27 Pals námsefni.	Lotukönnun 10 Virgni í tímum.
Desember	Flatarmál: -þríhyrningur, helmingi minni að flatarmáli, tvöfalt stærri að flatarmáli. Reikningur: -tugir og einingar, hve mikið samtals Pals stærðfræði.	<i>Sproti 2b – nemendabók</i> Bls. 67-75 <i>Sproti 2b - æfingahefti</i> Bls.28-31 <i>Sproti 2b – nemendabók</i> Bls. 76-87 <i>Sproti 2b - æfingahefti</i> Bls.32-38 Pals námsefni.	Lotukönnun 11 Virgni í tímum.
Janúar	Reikningur: -tugir og einingar, hve mikið samtals? -Finna mismuninn. -Talnalínur Pals stærðfræði.	<i>Sproti 2b – nemendabók</i> Bls. 88-102 <i>Sproti 2b - æfingahefti</i> Bls.39-45 Pals námsefni.	Janúarpróf. Virgni í tímum.

Námsmat

Kannanir í lok hvers kafla og virkni í tímum.

Annarpróf í janúar þar sem nemendur fá verkefnahefti til að vinna að nokkra daga.

Hönnun og smíði

Hæfniviðmið/námslýsing

Stefnt er að því að nemendur geti:

- notað einfaldar aðferðir greinarinnar
- unnið eftir einföldum leiðbeiningum
- beitt einföldum handverkfærum
- gert sér grein fyrir hvenær frágangur er vandaður
- þekkt smíðaefni sem unnið er með
- tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skyssu
- fjallað um þrívíð form
- unnið með leður
- þjálfast í að meta eigin verk
- gert sér grein fyrir hönnun og smíði, þ.e. hvernig lítil hugmynd verður að fullunnu verki
- þjálfast í að nota hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefnum greinarinnar.

Megin tilgangur list- og verkgreina er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkfærni, sköpunarkraft, samhæfingu huga og handa og ólíkra tjáningarleiða. Nemendur smíða einfalda hluti úr tré. Saga, pússa, líma eða negla. Mála og eða lakka. Hafa möppur til að halda utan um verkefni og teikningar

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat/verkefnaskil
Ágúst 2 X 40 mín.	Kynning á áhöldum og vélum. Fá nýja forsiðu á möppu.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
September 4 X 40 mín.	Nemendur fá efni í reglustiku sem þau lakka og mæla síðan hefilbekkinn.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
Október 4 X 40 mín.	Gera mynd sem er söguð í púsl.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
Nóvember 4 X 40 mín.	Hanna og smíða skrauthillu.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
Desember 2 X 40 mín.	Smíða eitthvað jólalegt.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
Janúar 2 X 40 mín.	Útsögun.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.

Námsmat

Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.

Textílmennt

Hæfniviðmið/námslýsing

Stefnt er að því að nemendur geti:

- notað einfaldar aðferðir greinarinnar
- unnið eftir einföldum leiðbeiningum
- unnið með gínur
- saumað í saumavél
- heklað smávegis
- gert tilraunir með fingraprjón og læri að prjóna
- saumað með krosssaum í java
- lært að ganga frá enda
- saumað nokkur einföld útsaumsspor
- skreytt textílvinnu á einfaldan hátt
- þjálfast í að klippa og lita í tengslum við textílverk
- tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skyssu
- fjallað um þrívíð form
- unnið með leður
- þjálfast í að meta eigin verk
- gert sér grein fyrir textílvinnuferli, þ.e. hvernig lítil hugmynd verður að fullunnu verki
- þjálfast í að nota hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefnum greinarinnar
- skoðað íslenska ull og þau áhöld sem notuð hafa verið við vinnslu ullar

Megin tilgangur list- og verkgreina er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkfærni, sköpunarkraft, samhæfingu hugar og handar og ólíkra tjáningarleiða. Nemendur sauma einfalda hluti í saumavél. Sauma krosssaum í java og læra að prjóna fingraprjón og að prjóna. Vinna með gínur og leður. Hekla smávegis.

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat/verkefnaskil
Ágúst 2 X 40 mín.	Kynning á áhöldum og vélum. Búa til forsíðu á möppu.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
September 4 X 40 mín.	Nemendur velja sér efni í handklæði og sníða. Vinna með gínur.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
Október 4 X 40 mín.	Sauma í overlookvél. Puttaprjóna.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
Nóvember 4 X 40 mín.	Sauma í saumavél. Puttaprjóna og vinna með gínur.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.

Desember 2 X 40 mín.	Hekla og puttaprjóna. Vinna með gínur.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
Janúar 2 X 40 mín.	Krossaumur.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.

Námsmat

Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.

Heimilisfræði

Hæfniviðmið/námslýsing

Tveir samliggjandi tímar, aðra hverja viku, 60 mín í senn. Unnið er með bókina Holtt og gott 1 ásamt efni frá kennara. Kennslan er bæði verkleg og bókleg.

- þekkja einföld eldhúsáhöld sem unnið er með
- læra að flokka í fæðuhringinn
- læra hvaðan fæðan kemur
- huga að persónulegu hreinlæti
- huga að umgengni við umhverfið
- elda einfalda rétti
- leggja á borð og huga að borðsiðum
- huga að hollu nesti og réttum

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat/verkefnaskil
Ágúst	Brauðmeti.		
September	Grænmetiskarlar og bókl. Ávaxtapinnar og bókl.	Bls. 6-9 Bls. 10-11	
Október	Hollustunammi - hreinlæti. Ávaxtadrykkur	Bls. 13	
Nóvember	Einfaldir og hollir réttir, samvinna.		
Desember	Jólaundirbúningur.		

Námsmat

Símat í formi virkni, hegðunar og frágangs. Lykilhæfnisviðmið er haft til hliðsjónar.

Íþróttir

Hæfniviðmið/námslýsing

Námið fer að miklum hluta fram í leikjaformi en einnig með einföldum boltaæfingum, stöðvaþjálfun, hlaupum og keppnum. Lögð er áhersla á að þjálfar þol og styrk nemenda, jafnvægi, lipurð og samhæfingu. Auk þess læra nemendur rétt viðhorf í hópíþróttum.

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat/verkefnaskil
Ágúst	Körfubolti, fótbolti, leikfimi, leikir og stöðvaþjálfun	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.
September	Körfubolti, fótbolti, leikfimi, leikir og stöðvaþjálfun	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.
Október	Körfubolti, fótbolti, leikfimi, leikir og stöðvaþjálfun	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.
Nóvember	Körfubolti, fótbolti, leikfimi, leikir og stöðvaþjálfun	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.
Desember	Körfubolti, fótbolti, leikfimi, leikir og stöðvaþjálfun	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.
Janúar	Körfubolti, fótbolti, leikfimi, leikir og stöðvaþjálfun	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.
Febrúar	Körfubolti, fótbolti, leikfimi, leikir og stöðvaþjálfun	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.
Mars	Körfubolti, fótbolti, leikfimi, leikir og stöðvaþjálfun	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.
Apríl	Körfubolti, fótbolti, leikfimi, leikir og stöðvaþjálfun	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.
Maí	Körfubolti, fótbolti, leikfimi, leikir og stöðvaþjálfun	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.

Námsmat

Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun eru matsþættir sem íþróttakennari metur jafnt og þétt yfir önnina. Nemandi fær einkunn sem er reiknuð út úr matsþáttunum.